

Umhverfisnefnd Kjósarhrepps.

Fundargerð 27.5.2019. Haldinn í Ásgarði kl 17:00.

Mætt voru:

Katrín Cýrusdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þorbjörg Skúladóttir og Karl Magnús Kristjánsson.

Þetta var gert:

1. Farið yfir tillögur Gámaþjónustunnar á breytingum á þjónustu við sorphirðu í Kjósarhreppi frá 8.5.2019.

Helstu niðurstöður og tillögur voru þessar:

1. Lagt er til við hreppsnefnd samið verði um tillögur að verðbreytingum sem fram voru lagðar í tillögnum.
2. Lagt er til að bæta við þriðja sorphilátinu fyrir söfun á plasti. Tillaga um fjölda losana samþykkt. Keyptar verði tunnur fyrir verkefnið. Áætlaður kostnaður er um 1.100.000 kr.
3. Nefndin mun skoða nánar mögulega flokkun á lífrænum úrgangi og/eða jarðgerð á lífrænum úrgangi. Nefnd mun hitta sérfræðing í jarðgerð og útbúa leiðbeiningar fyrir íbúa.
4. Ákveðið að gera tilraun með flokkun á úrgangi á völdum lokuðum sumarhúsasvæðum og meta í framhaldinu hvernig þessu verði háttað í framtíðinni.
5. Allri þjónustu varðandi aukagáma við móttöku á úrgangi frá byggingum, tiltektum o.fl. verði hætt og vísað á Gámaþjónustuna eða aðra aðila með sömu þjónustu.
6. Lagt er til að söfnum á heyrúlluplasti frá bæjum verði hætt. Viðkomandi skipti við söfnunarfyrtæki beint eða skili plastinu samanbrotnu á gámastöðina á ákveðnum auglýstum tímum þar sem starfsmaður tekur á móti því.
7. Nefnd ætlar að heimsækja íbúa og sumarhúsafélög með upplýsingabækling og leiðbeiningum um sorphirðu og flokkun.
8. Gámaplani:
 - a. Nú þegar verði unnið að breytingum á planinu, sem verði komin í gagnid fyrir lok júní.
 - b. Útbúnað verða leiðbeiningar fyrir hvern efnisflokk með ljósmyndum ásamt greinargóðum merkingum fyrir hvern gám og ílát.
 - c. Gerður verður góður bæklingur sem fer í hvert íbúðar- og sumarhús.
 - d. Aflað verðu tilboða í bækling og merkingar á gámaplani miðað við að þær verði tilbúnað fyrir lok júní.
 - e. Settur verði niður móttökuaðstaða við á planið með ýtarlegum leiðbeiningum til þeirra sem koma að losa.
 - f. Sett verði upp eftirlitsmyndavél við planið..

- g. Þjónusta á planinu og eftirlit með sumarhúsasvæðum og með förgum verði efld með starfsmanni sem muni styðja við núverandi starfsmann.
2. Kanna möguleika á því að fá unglinga í Vinnuskóla í afmörkuð verkefni í fegrun og snyrtingu á gámasvæðum og Gámaplani.
 3. Umhverfisnefnd hefur mikinn áhuga á því að Kjósarhreppur taki þátt í vinnu Samtaka Íslenskra Sveitarfélaga um Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna. Formaður mun fylgja því eftir.
 4. Samþykkt að hafa næsta fund föstudaginn 31 maí kl 9.00 með fulltrúa frá Gámapjónustunni

Fundi lauk kl 19.30.

Lárus Vilhjálmsson, ritari